

Nd.

73. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks og hrafns.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Næstu tvö ár (24 almanaks mánuði) eftir gildistöku laga þessara skal greiða eina krónu fyrir dráp hvers svartbaks (veiðibjöllu) og hvers hrafns.

Sá, er drepíð hefir vargfugla þá, er hér greinir, skal sanna það fyrir hreppstjóra, sýslumanni eða bæjarfógeta, vilji hann hljóta laun fyrir samkv. ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir laun þau, er 1. gr. ákveður. En sýsla og hreppur, sem vargfuglar þessir eru drepnir í, skulu greiða ríkissjóði: sýslan 25% og hreppurinn 20% af launinum. Auk þess skulu þeir, er æðardúnstekjur hafa, greiða ríkissjóði 50 aura fyrir hvert hreinsað kg. af æðardún, er þeim fellur næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara

3. gr.

Sá, sem eyða vill svartbak eða hröfnum með skotum, má gera það hvar sem er. Þó má það ekki gera á friðlýstum varplöndum né í nánd þeim, né heldur á friðlýstum höfnum, nema leyft sé af þeim, er þar á að ráða.

4. gr.

Skýlt er hverjum búanda að eyða eggjum svartbaks og hrafns á ábýlislandi sínu og öðrum þeim löndum, er hann ræður yfir, ef þess er kostur. Vanræki ábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, varðar það sektum, 50 - 300 kr. Sektir renna í sjóð sveitar þeirrar, er hlut á að máli.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er frestað framkvæmd laga nr. 66 23. júní 1936.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi. Náði það samþykki neðri deildar, en var ekki útrætt í efri deild, er þingi sleit. Flutningsmönnum hafa horízt eindregin til-mæli bænda víða af landinu um það, að flytja frumvarpið á ný. Lýsa þeir þeim spjöllum, sem vargfuglar þessir valda í varplöndum og á lömbum. Einnig í veiðiam að því er veiðibjölluna snertir.

Að öðru leyti visast til grg. þeirrar, er frumv. fylgdi á þinginu 1939 (þskj. 365).